

## Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2012.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SII, BVG, SER, BjörgvS, ÁÞS).

1. Við 6. gr. Nýr liður:
  - 1.2 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af kaupum Blindrafélagsins á nýjum íslenskum talgervli.
2. Við 6. gr. Breyttir liðir:
  - 2.9 Að selja fasteignina Baughól 44, Húsavík, og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á húsnæði fyrir skrifstofur héraðsdýralækna.
  - 2.10 Að selja fasteignirnar Nátthaga 5, 7 og 9, Hólum í Hjaltadal, og láta söluandvirðið koma til lækkunar skulda Hólaskóla við ríkissjóð.
  - 2.11 Að selja fasteignirnar Prestssæti 3 og 5, Hólum í Hjaltadal, og láta söluandvirðið koma til lækkunar skulda Hólaskóla við ríkissjóð.
  - 2.15 Að selja fasteignina Ketilsbraut 21, Húsavík, og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á húsnæði fyrir skrifstofur héraðsdýralækna.
  - 2.16 Að selja fasteignina Bláskóga 12, Egilsstöðum, og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á húsnæði fyrir skrifstofur héraðsdýralækna.
3. Við 6. gr. Nýr liður:
  - 2.18 Að selja fasteignir ríkisins að Sogni í Ölfusi og ráðstafa andvirðinu að hluta til uppbyggingar nýrrar réttargeðdeildar á Kleppi.
4. Við 6. gr. Nýir liðir:
  - 3.11 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.
  - 3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í gamla húsmæðraskólanum við Þórunnarstræti á Akureyri og ráðstafa andvirðinu til framkvæmda við Háskólann á Akureyri.
5. Við 6. gr. Í stað orðanna „Brautarholt II“ í lið 4.9 komi: Brúarholt II.
6. Við 6. gr. Liður 6.15 falli brott.
7. Við 6. gr. Nýir liðir:
  - 7.14 Að semja við Eyjafjarðarsveit um ráðstöfun á húsnæði á jörðinni Saurbæ í Eyjafjarðarsveit í þágu safnastarfsemi.
  - 7.15 Að ganga til samninga við Bláskógabyggð um afnot gamla héraðskólans á Laugarvatni.
  - 7.16 Að ganga til samninga við sveitarfélagið Norðurþing og Síldarvinnsluna hf. um sameiginlega þátttöku þessara aðila í niðurrifi og förgun ónýtra bygginga sem tilheyrðu gömlu síldarverksmiðjunni á Raufarhöfn.
  - 7.17 Að efla eigið fé Orkusjóðs um allt að 100 m.kr.
  - 7.18 Að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 2.000 m.kr.
  - 7.19 Að ganga frá uppgjöri og greiðslu til Landsbankans hf. vegna mismunar á eignum og innstæðuskuldbindingum SpKef sparisjóðs á grundvelli endanlegs eignamats í tengslum við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 5. mars 2011, um samruna SpKef sparisjóðs og Landsbankans hf., sbr. samning um yfirtökuna milli íslenska ríkisins og Landsbankans hf. frá sama degi.